

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING
Reykjavík 2. apríl 2002

TILVÍSUN
2002030334

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars sl., var óskað eftir umsögn embættisins um frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á þrennum lögum, 582. mál.

Lagðar eru til breytingar á lögum um tryggingagjald og á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem kveðið er skýrar á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila myndi stofn til tryggingagjalds og til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða. Ríkisskattstjóri telur tillögurnar styrkja þá breytingu sem gerð var með lögum nr. 133/2001 og hefur engar athugasemdir við umrædda lagabreytingu.

Þá er lagt til að með breytingum á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda verði kveðið á um kæruehimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu í stað þess að kæruehimildin er nú til yfirskattanefndar. Breyting þessi á að hafa í för með sér skjótvirkari réttarúrræði þar sem um tímabundna ákvörðun er að ræða sem þarf að ganga fljótt fyrir sig. Ríkisskattstjóri hefur skoðað framkomna tillögu skv. 2. gr. frumvarpsins að breytingu á 6. gr. laganna og er sammála þessu sjónarmiði. Til að styrkja enn betur málsmeðferðarreglurnar leggur embættið fram breytingatillögu á 2. gr. frumvarpsins svohljóðandi:

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við 6. gr. laganna bætist við tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 14 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Kærufrestur á ákvörðun skattstjóra skv. 1. másl. og áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð má skjóta til skattstjóra innan 15 daga talið frá og með þeim degi þegar tilkynning um vangreidda staðgreiðslu er póstlögð. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

Kæruúrskurð skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dags. ákvörðunar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

Til skýringa á þessari tillögu skal rakið í stuttu máli hvernig ákvörðun um reiknað endurgjald er tekin. Ríkisskattstjóri sendir öllum mönnum sem eru með eigin

atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eru á launagreiðendaskrá í upphafi staðgreiðsluárs tilkynningu um viðmiðunarflokk og viðmiðunarfjárhæð til að auðvelda þeim þá skyldu að tilkynna skattstjóra fyrir 20. janúar ár hvert um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári. Geri gjaldandi enga athugasemd við tilkynninguna ákvarðar skattstjóri tilkynnta fjárhæð sem reiknað endurgjald viðkomandi manns og ber honum að greiða mánaðarlega staðgreiðslu í samræmi við þá fjárhæð endurgjalds. Ef gjaldandi hefur fram að færa athugasemdir við tilkynningu ríkisskattstjóra ber honum að skila greinargerð til skattstjóra á eyðublaði, sem honum var sent með tilkynningunni. Félögum eru jafnframt send eyðublöð til áætlunar á reiknuðu endurgjaldi starfsmanna, sem undir reglur um það falla. Skattstjóra ber þá að endurskoða áætlunina og tilkynna gjaldanda um niðurstöðuna. Kærufrestur hefst ekki fyrr en tilkynning um vangreidda staðgreiðslu er póstlögð. Ef gjaldandi greiðir lægri staðgreiðslu en honum ber að gera samkvæmt fyrr nefndri ákvörðun eða innir hana ekki af hendi áætlar skattstjóri vangreidda fjárhæð og tilkynnir gjaldanda. Með tillögu ríkisskattstjóra er lagt til að 15 daga kærufrestur til skattstjóra hefjist með tilkynningu á vangreiddri staðgreiðslu og þeim úrskurði á kæru geti gjaldandi skotið til ríkisskattstjóra innan 15 daga. Ríkisskattstjóri tekur þá lokaákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári. Endanleg ákvörðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi fer fram við álagningu opinberra gjalda árið eftir og er þá kæránleg til yfirskattanefndar eins og aðrar ákvarðanir um skattstofna og skattfjárhæð.

Virðingarfyllt



Indriði H Þorláksson



Guðmundur Guðbjarnason

Afrit: Fjármálaráðuneytið
Erla Pétursdóttir